Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

51. fundur eigendafundar Sorpu bs.
var haldinn í fjarfundi, föstudaginn 25. október 2024
og hófst hann kl. 08:30.

Fundinn sátu:
Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdatjóri Sorpu bs., Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður eigendavettvangs, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlanir byggðasamlaga 2025 - 2408006

Fyrirliggjandi eru drög að fjárhagsáætlun Sorpu bs. vegna ársins 2025. Um er að ræða framhald umræðu frá 49. og 50. eigendafundum Sorpu bs. Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri Sorpu bs. kynna. Umræður.

Gestir

Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri Sorpu bs.

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri Sorpu bs.

Niðurstaða:

Eigendavettvangur samþykkir fjárhagsáætlun Sorpu bs. fyrir sitt leyti. Fjárhagsáætlun Sorpu bs. verði kynnt sveitarfélögunum af hálfu Sorpu bs.

Samhliða hringrásarlögunum sem samþykkt voru á Alþingi er sveitarfélögum skylt að sjá um hirðingu á textíl. Í fjárhagsáætlun Sorpu fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir að rekstur endurvinnslu- og grenndarstöðva hækki um 250 milljónir króna vegna umsýslu með textíl. Rétt er að taka fram að það er ákvörðun Alþingis að velta þessum aukna kostnaði yfir á almenning en ekki sjálfstæð ákvörðun sveitarfélaganna sem er lögunum samkvæmt skylt að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við veitingu þjónustunnar.
Í því ljósi er skorað á ríkið og úrvinnslusjóð að upp sé tekin gjaldtaka á þeim vettvangi til að mæta þessum aukna umsýslukostnaði.
Mikilvægt er að huga að öðrum og hagkvæmari leiðum til að mæta auknum kröfum svo frekari kostnaðarauka verði ekki velt yfir á íbúa. Er stjórn Sorpu bs. hvött áfram í því efni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:00.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026